

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Hrafnabjarga – Hrafnabjörg 1.

Skipulagsnefnd Akureyrarkaupstaðar hefur þann 30. janúar 2013 í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Hrafnabjörg.

Breytingin felur í sér að byggingarreitur á lóð nr. 1 við Hrafnabjörg stækkar og bílgeymsla skal vera stakstæð.

Breyting á deiliskipulagi Mýrarhverfis – Rauðamýri 11.

Skipulagsnefnd Akureyrarkaupstaðar hefur þann 30. janúar 2013 í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Mýrarhverfi.

Breytingin felur í sér að byggingarreitur fyrir bílgeymslu á lóð nr. 11 við Rauðumýri stækkar. Hámarksstærð bílgeymslunnar eykst úr 32 m² í 69 m².

Deiliskipulagstillögurnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

F.h. Akureyrarkaupstaðar, 31. janúar 2013,

Anna Bragadóttir, verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfud.: 14. febrúar 2013